



## TILKYNNING FRÁ iTUB ehf.

**Varðar: iTUB leiga og skil á kerum undir fisk sem keyptur er í gegnum fiskmarkaði á Íslandi**

Ágæti viðskiptavinur

Leigugjald á iTUB kerum sem bera fisk sem keyptur er á fiskmörkuðum á Íslandi er kr 1.81 pr kíló og miðast við 3 leigudaga og er gjaldið innheimt af Reiknistofu Fiskmarkaða.

Kaupandi/Leigukaupi skal skila hreinum kerum innan þriggja daga á skilgreindar lagerstöðvar iTUB.

### Lagerstöðvar:

Höfuðborgarsvæði  
Suðurnes  
Vestmannaeyjar  
Vesturland  
Norðurland  
Austurland

Eimskip Sundahöfn, Reykjavík  
ÓE Flutningar, Grindavík  
Hafnareyri, Vestmannaeyjar  
Djúpaklettur, Grundarfjörður  
Fiskmarkaður Norðurlands, Dalvík  
Eimskip, Mjóeyrarhöfn

Hafi kerum ekki verið skilað innan þriggja daga (3) mun iTUB gera ráðstafanir til að sækja þann fjölda kera sem komin eru á tíma gegn 400 kr gjaldi pr kar sem innheimt verður.

Leigukaupa er skylt að óska eftir staðfestingu (nótu) viðkomandi lagerstöðvar á fjölda kera sem hann skilar, enda miðast skil á kari við þá staðfestingu. Ef leigukaupi getur ekki sýnt fram á staðfestingu á skilum þess fjölda kera sem skráð eru á viðkomandi - eða gert grein fyrir annarri ráðstöfun - teljast þau ker enn í leigu hjá viðkomandi leigukaupa og gildir þá daggjald pr kar samkvæmt gjaldskrá - sem reiknast þar til sannanlega hefur verið staðfest að kerum hafi verið skilað.

Ef ker eru ekki hrein þegar þeim er skilað/sótt, áskilur iTUB sér rétt til að innheimta þvottagjald skv gjaldskrá.

Ker sem notuð eru til útflutnings, bera leigugjöld skv gjaldskrá útflutnings og skal leigukaupi tilkynna fjölda kera í útflutning, flutningsfar og áfangastað. iTUB áskilur sér rétt til að sækja þessar upplýsingar um útflutning til flutningsaðila. **Leigukaupa er bent á að kynna sér leiguskilmála fyrir útflutning, þar sem leigukaupi ber ábyrgð á skilum á erlendar lager/þvottastöðvar.**

Gildir frá og með 01.12.2018

Leiga í gegnum Fiskmarkaði		1.81	kr/kg
Söfnunargjald		400	kr/kar
Dagleiga	460L	125	kr/kar pr dag
Dagleiga	660L	150	kr/kar pr dag
Þvottur		750	kr/kar

Nánari upplýsingar veitir Reimar Viðarsson, s: 460 5044 - [itub@itub.is](mailto:itub@itub.is)